

Mars 2011.

## Pistill frá oddvita.

Eins og flestir sjálfsagt vita hefur verið dregið úr opnunartíma sundlauganna, þetta er gert í hagræðingarskyni en launakostnaður við sundlaugarnar nam 9,1 milljón á síðasta ári og heildarrekstrakostnaður lauganna nam um 17,5 milljónum eða um 34 þúsundum á íbúa í sveitarfélaginu á ári. Stefnt er að því að opnunartíminn í sumar verði með líku sniði og verið hefur á undanförunum árum, opnunartími næsta vetur verður ákveðinn síðar að teknu tilliti til reynslunnar af núverandi opnunartíma og aðsókn undanfarinna ára. Það er vissulega miður að þurfa að draga úr þjónustu við íbúanna en er engu að síður nauðsynlegt á þessum tímum, reyndar finnst mér það ágætis þjónusta í sveitarfélagi sem telur rúmlega fimm hundruð íbúa að hafa opnar sundlaugar þrisvar í viku. Hér að neðan fylgir með upplýsingar um fjölda sundlaugargesta á undanförunum árum, jafnframt er rétt að geta þess að aðgangseyrir að Neslaug var rúmlega milljón á síðasta ári og um sjöhundruð og fimmtíu þúsund að Skeiðalaug.

Ár:	Gestir í Skeiðalaug					Gestir í Neslaug				
	2006	2007	2008	2009	2010	2006	2007	2008	2009	2010
Janúar	171	165	90	136	159	Lokað	Lokað	38	121	130
Febrúar	204	151	127	164	164	Lokað	Lokað	54	138	136
Mars	146	190	123	169	210	55	130	174	91	130
Apríl	259	186	150	225	254	201	236	118	188	168
Maí	279	277	186	190	163	309	280	237	279	254
Júní	810	1195	947	1115	808	900	1269	852	1360	1105
Júlí	1629	1600	1357	1742	1655	1764	1746	1707	2336	2716
Ágúst	764	719	741	1021	642	1044	1111	970	1226	1065
Sept.	164	85	177	95	119	82	127	158	113	130
Október	145	109	169	175	137	95	53	76	104	154
Nóvember	122	84	136	127	86	66	80	69	84	88
Desember	93	80	77	73	61	Lokað	48	73	60	31
Samtals:	4786	4841	4280	5232	4458	4516	5080	4526	6100	6107



### Starf í leikskóla laust til umsóknar!

Starfskraft vantar í 100 % starf í leikskólann Leikholt í Brautarholti  
frá 1. apríl til 30. júní 2011

Allar nánari uppl. veitir leikskólastjóri Vilborg M. Ástráðsdóttir  
í síma 486- 5586 eða sendið fyrirspurn.á [leikskoli@skeidgnup.is](mailto:leikskoli@skeidgnup.is)

<b>Klór í Skeiðalaug:</b>	<b>350.000,-</b>
<b>Sundpróf:</b>	<b>120.000,-</b>
<b>Hreinlætisvörur:</b>	<b>80.000,-</b>
<b>Heilb.eftirlit:</b>	<b>100.000,-</b>
<b>Tryggingar:</b>	<b>70.000,-</b>
<b>Posaleiga:</b>	<b>100.000,-</b>
<b>Sundlaug.is:</b>	<b>30.000,-</b>
<b>Ýmislegt:</b>	<b>150.000,-</b>

---

**= 1.000.000,-**